

Húsavík 4. nóvember 2016

**Þingeyjarsveit**

**Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri  
Kjarna  
650 Laugar**


**Efni: Umsögn Náttúruverndarnefndar Þingeyinga vegna umsóknar Landsnets um framkvæmdaleyfi fyrir Þeistareykjalínu 1.**

Náttúruverndarnefnd Þingeyinga hefur fengið til umsagnar endurnýjaða umsókn Landsnets um framkvæmdaleyfi vegna Þeistareykjalínu 1 en ósk um umsögn nefndarinnar kemur eftir að framkvæmdir hófust við línuna. Nefndinni hefur ekki borist greinargerð með framkvæmdirum ófins og er ófins um nánari útfærslu á framkvæmdaleyfisumsókninni þar sem meðal annars er fjallað um ófins um nánari útfærslu á framkvæmdirum. Umsögn nefndarinnar miðar því við frummatsskýrslu Landsnets vegna framkvæmdirum. Umsögn nefndarinnar miðar því við frummatsskýrslu Landsnets vegna háspennulína (220 kv) frá Kröflu og Þeistareykjum að Bakka við Húsavík sem gefin var út í október 2010.

Náttúruverndarnefnd Þingeyinga tekur undir með Skipulagsstofnun að framkvæmdir vegna fyrirhugaðrar Þeistareykjalínu 1 muni hafa verulega neikvæð, varanleg og óafturkræf áhrif á Þeistareykjahraun, sem er að hluta til óraskað og fellur undir sérstaka vernd skv. 61. gr. Náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Þó Þeistareykjahraun sé ekki umfangsmikið þá hefur það sérstöðu á landsvísu og er viðkvæmt fyrir þeim varanlegu breytingum sem verða á því vegna framkvæmda við Þeistareykjavirkjun, vegagerð og lagningu háspennulína um svæðið. Landslagsheild og ásýnd svæðisins breytist varanlega, en nú þegar er búið að raska stórum hluta þess með framkvæmdum við Þeistareykjavirkjun. Háspennulína mun raska og breyta ásýnd og heildaryfirbragði svæðisins enn frekar.

Þeistareykjalína 1 fer um rjúpnasælt svæði og þekkt varplönd fálka. Í álti Skipulagsstofnunar frá 24.11.2010 vegna mats á umhverfisáhrifum háspennulína frá Kröflu að Bakka á Húsavík segir að áður en væntanlegt framkvæmdaleyfi verði veitt þurfi að liggja fyrir áætlun Landsnets um rannsóknir á áflugi fugla. Náttúruverndarnefnd Þingeyinga ítrekar að Landsnet skili inn fullmótaðri áætlun um vöktun á áflugi fugla, í samræmi við álit Skipulagsstofnunar. Náttúruverndarnefnd telur einnig mikilvægt að framkvæmdir í nágrenni varpstaða fálka trufla ekki fálkavarpa á svæðinu.

Fyrir hönd Náttúruverndarnefndar Þingeyinga



Gréta Bergrún Jóhannesdóttir